

Brottfallin lög.

86. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lögræðislög, nr. 68/1984, með áorðnum breytingum.

Lagaskil.

87. gr.

1. Kröfu um nauðungarvistun, lögræðissviptingu eða niðurfellingu lögræðissviptingar, sem sett var fram í gildistíð laga nr. 68/1984 og ekki hefur verið leyst úr við gildistöku laga þessara, skal leysa úr samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984, nema sá er kröfu setti fram óski eftir því að úr máli skuli leyst samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. Skyldur lögráðamanna, sem skipaðir hafa verið samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 eða eldri laga, eru þær sem greinir í lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem öðlast hafa sjálfræði samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 við gildistöku laga þessara halda sjálfræði sínu. Þeir sem ósjálfráða eru fyrir æsku sakir við gildistöku laganna öðlast sjálfræði samkvæmt ákvæði 1. gr.

*Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson,***LÖG**

**um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða,
nr. 38/1990, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. málsl. 5. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 87/1994, bætist: á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.